33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi .....	108.317,8	116.870,8	8.553,0	7,9%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	39.354,7	43.328,1	3.973,4	10,1%
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	6.789,8	7.289,8	250,0	3,7%
<b>Samtals .....</b>	<b>1.192.098,7</b>	<b>1.253.586,3</b>	<b>46.547,6</b>	<b>3,9%</b>

<sup>1</sup> Fjárlög 2021 samþykkt 18. desember 2020 á Alþingi

<sup>2</sup> Fjárlög 2021 að viðbættum áður samþykktum fjárukalegum fyrir árið 2021 og frumvarp þetta

<sup>3</sup> Tillögur skv. frumvarpi þessu

### 1.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Meiri hluti ráðstafana sem lagðar eru til í frumvarpinu var metinn með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar, að frátöldum tillögum sem lúta að millifærslum og breytingum á hagrænni skiptingu. Sé litið til umfangs þeirra tillagna sem lagt var mat á eru ríflega 90% þeirra taldar viðhalda óbreyttu ástandi. Þar eru umfangsmestar annars vegar viðbótarfjárveitingar til heilbrigðisstofnana til að mæta kostnaði vegna faraldursins auk fjárveitinga til kaupa á bóluefnum, hlífðarbúnaði og öðrum aðföngum vegna heimsfaraldursins og eru þær taldar nýttast sjúklingum af öllum kynjum. Tilfni er þó til að meta nánar áhrif heimsfaraldursins á jafnrétti kynjanna. Hins vegar er um að ræða aukin framlög vegna atvinnuleysisbóta og

desemberuppbótar til atvinnuleitenda. Skráð atvinnuleysi hefur verið tiltölulega jafnt milli kynja og kynjaskipting þeirra sem nýtt hafa úrræðið *Hefjum störf* hefur verið í samræmi við kynjahlutfall atvinnuleitenda. Aukið umfang kvikmyndaendurgreiðslna er einnig talið viðhalda óbreyttu ástandi. Mikill meiri hluti fjármagns sem greitt hefur verið út á árinu hefur farið til verkefna þar sem umsækjendur hafa metið að kynjahlutfall starfa við verkefnið sé jafnt. Gagnlegt væri að fylgja þessu eftir þegar verkefni hafa komið til framkvæmdar til að kanna áreiðanleika matsins.

Aðrar tillögur eru taldar stuðla að jafnrétti, þ.e. aukið fjármagn til kaupa á bóluendum í þróunarlöndum þar sem heimsfaraldurinn hefur víða komið verr niður á konum; fjárveiting til að mæta auknum kostnaði vegna fjölgunar viðtakenda húsnæðisbóta sem eru að meiri hluta konur; viðbótarframlag til Fæðingarorlofssjóðs sem kemur að hluta til vegna lengingar fæðingarorlofs sem ætlað er að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði og loks álagsgreiðslur til hjúkrunarheimila vegna COVID-19 en niðurskurður í þjónustu hjúkrunarheimila myndi koma verr niður á konum, hvort sem lítið er til heimilisfólks, starfsfólks eða aðstandenda.

#### 1.4 Nýting á almennum varasjóði á árinu 2021

Í tengslum við hlutverk og umfang fjáráukalaga er einnig bent á að í 24. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um almennan varasjóð A-hluta ríkissjóðs. Skilyrði fyrir ráðstöfun úr sjóðnum eru sams konar og þau sem gilda um frumvarp til fjáráukalaga, þ.e. að honum er ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum frá launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara, eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga en fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Í fjárlögum fyrir árið 2021 nemur heildarfjárheimild sjóðsins um 20,3 ma.kr. eða sem svarar til 1,7% af heildarfjárheimild fjárlaga ársins. Þar af er 5 ma.kr. sérstakt framlag til að mæta sérstökum útgjöldum vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á árinu.

Þegar hefur verið ráðstafað ríflega 5,4 ma.kr. úr almenna varasjóðnum, að mestu vegna endurmats á áhrifum kjarasamninga, aurskriða á Seyðisfirði og breytinga á vinnutíma vaktavinnufólks.

Gert er ráð fyrir að því til viðbótar verði millifært úr almennum varasjóði um 4 ma.kr. vegna útgjalda við breytingar á vinnutíma vaktavinnufólks og launabóta, auk 0,8 ma.kr. framlags vegna útgjalda vegna eldgoss á Reykjanesi og um 0,2 ma.kr. vegna greiðslu vegna varna gegn dýrasjúkdómum.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari ráðstöfun úr sjóðnum og er því til staðar tæplega 10 ma.kr. svigrúm hjá sjóðnum til að bregðast við óvæntum og óhjákvæmilegum útgjöldum fyrir lok þessa árs ef til þess kæmi.

Við vinnslu frumvarpsins var lítið til þess, m.a. í ljósi gagnsæis og umfangs útgjalda, að sem flestar tillögur um auknar fjárheimildir er vörðuðu útgjöld vegna heimsfaraldursins yrðu lagðar fyrir Alþingi til yfirferðar og afgreiðslu og var því ákveðið að nýta almennan varasjóð ekki í því skyni þó að til þess væri í sjálfu sér svigrúm.

## 2 Efnahagur, lántökur og endurlán

Hér er gerð nánari grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins. Lagt er til að lánsfjárheimild ríkissjóðs skv. 1. tölul. 5. gr. verði lækkuð úr 430 ma.kr. í 270 ma.kr. vegna minni fjárþarfar ríkissjóðs en útlit var fyrir við gerð fjárlaga fyrir árið 2021. Minni lánsfjárþörf kemur helst til vegna betri greiðsluafkomu ríkissjóðs, hærrí sjóðstöðu í upphafi árs og að þörf fyrir fjármögnun þeirra aðgerða sem ætlað er að styðja við heimili og fyrirtæki reyndist minni en áætlað var við gerð fjárlaga.

Í fjárlögum ársins 2021 var heimild fyrir langtímalántöku að fjárhæð 430 ma.kr. Til viðbótar var sérstök heimild í 4. tölul. til erlendar lántöku að fjárhæð 220 ma.kr. Lagt er til að sú heimild verði lækkuð í 120 ma.kr. en í janúar 2021 var tekið erlent lán fyrir um 117 ma.kr. til fjármögnunar gjalddeyrisforða. Lánsfjárheimild ríkissjóðs skv. 1. tölul. 5. gr. samanstendur annars vegar af útgáfu ríkisbréfa fyrir um 180 ma.kr. að söluvirði og hins vegar lántökum frá ÍL-sjóði fyrir 88 ma.kr.

Fjárþörf ársins 2021 hefur þegar verið mætt að fullu og ekki er gert ráð fyrir frekari lántökum á árinu.

Fjárþörf og fjármögnun ríkissjóðs á árinu 2021	Fjárlög 2021	Endurmat 2021
<b>Fjárþörf ríkissjóðs</b> .....	<b>-427</b>	<b>-268</b>
Afborganir af innlendum langtímalánum .....	-150	-133
Nettó innlend lántaka .....	-277	-135
<b>Fjármögnun ríkissjóðs</b> .....	<b>427</b>	<b>268</b>
Ríkisbréf .....	301	180
Lán frá ÍL-sjóði .....	95	88
Annað .....	31	0

Sjóðstaða ríkissjóðs er góð um þessar mundir. Innlendar innstæður í Seðlabanka nema um 100 ma.kr. í fyrri hluta desember en í áætlunum er gert ráð fyrir að sjóðstaðan verði um 40 ma.kr. í lok ársins. Því til viðbótar á ríkissjóður um 310 ma.kr. í erlendum innstæðum sem unnt er að nýta að hluta til að mæta fjárþörf hans og myndi það að óbreyttu draga úr innlendri lántöku á næsta ári.

### 3 Heimildir

Lagt er til að við heimildarákvæði 6. gr. fjárlaga bætist sex nýir liðir. Fyrstu tvær heimildirnar varða kaup á Hótel Sögu annars vegar og jörðinni Mið-Fossum hins vegar. Sú þriðja varðar heimild til að þiggja að gjöf listaverk í eigu Íslandsbanka sem verða varðveitt af Listasafni Íslands. Þrjár síðustu heimildirnar varða aukin framlög til þróunarsamvinnu á vegum Alþjóðabankans.

Háskóli Íslands óskaði eftir því í byrjun ársins 2021 að skoðuð yrðu kaup á Hótel Sögu undir starfsemi menntavísindasviðs háskólans. Að mati háskólans er um að ræða einstakt tækifæri til að flytja menntavísindasviðið inn á aðalsvæði háskólans á tiltölulega skömmum tíma ásamt því að skapa önnur tækifæri til að styrkja starfsemi skólans á heildstæðu svæði sem nær frá Vatnsmýri og yfir Suðurgötuna að Hagatorgi. Núverandi húsnæði menntavísindasviðs við Stakkahlíð og Skipholt er um 14 þús. m<sup>2</sup> sem þykir óhentugt en auk þess er gert ráð fyrir að hægt sé að losa Neshaga 16 sem háskólinn hefur nýtt undir stoðþjónustu. Áætlað er að bæta húsnæðisnýtingu háskólans talsvert eða fara úr 15 þús. m<sup>2</sup> niður í 13 þús. m<sup>2</sup>. Þar til viðbóta er verið að tryggja háskólanum yfirráð á heildstæðu svæði sem nær frá Vatnsmýri og yfir Suðurgötuna. Þá fylgir fasteigninni jafnframt byggingarréttur sem hægt væri að nýta undir aðra starfsemi háskólans til framtíðar lítið. Það að flytja sviðið inn á háskólasvæði háskólans hefur einnig rekstrarlega hagræðingu í för með sér, þar sem hægt er að samnýta aðra þjónustu innan háskólans. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður og Félagsstofnun stúdenta standi að kaupunum sameiginlega. Þá er miðað við að fasteignafélag háskólans, sem komið var á fót á þessu ári, muni standa straum af kostnaði vegna viðhalds og endurbóta á þeim hluta eignarinnar sem mun tilheyra háskólanum. Hlutdeild ríkisins í kaupverðinu greiðist hins vegar með sérstakri fjárheimild úr ríkissjóði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir að leiða verði leitað til að byggja upp aukna aðstöðu fyrir tilraunir, kennslu og nýsköpun í jarðrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Jörðin Mið-Fossar er 599 hektarar að stærð en þar er einnig að finna hestamiðstöð með reiðhöll, reiðvelli, skeiðvelli, hesthús o.fl. Landbúnaðarháskólinn hefur frá árinu 2006 leigt aðstöðu á jörðinni undir starfsemi skólans á sviði reiðmennsku og umhirðu hrossa. Mið-Fossar hafa verið til sölu á almennum markaði um nokkurt skeið og því óvíst um framtíðaraðgengi skólans að þessari kennsluaðstöðu. Af þeim sökum er talið æskilegt að ríkið eignist jörðina og þær byggingar til að tryggja aðgengi skólans að aðstöðunni. Talið er að kaupin geti einnig skapað rými til umfangsmeiri og fjölbreyttari nýtingar á landi jarðarinnar vegna jarðræktartilrauna og annarrar tengingar við starfsemi skólans á Hvanneyri.

Samkvæmt 47. gr. laga um opinber fjármál er ríkisaðilum í A-hluta óheimilt að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem hafa eða geta haft í för með sér viðvarandi útgjöld fyrir ríkissjóð án heimildar í fjárlögum. Áður en ráðist var í sölu á 35% hlut í Íslandsbanka tók ríkissjóður við listaverkum sem voru í eigu bankans sem verða framvegis varðveitt af Listasafni Íslands. Ljóst er að kostnaður mun falla á listasafnið við varðveislu og geymslu þessara listaverka. Af þeim sökum er sérstakrar heimildar aflað vegna gjafarinnar frá bankanum.

Að lokum er lagt til að veittar verði heimildir til að auka við framlög Íslands til þróunarsamvinnu á vegum Alþjóðabankans til enduruppbyggingar og framþróunar (IBRD) og Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA).

## 4 Endurmat á afkomu ársins 2021

### 4.1 Afkoma

Þrátt fyrir tillögur um verulega auknar fjárheimildir skv. frumvarpinu eru afkomuhorfur engu að síður umtalsvert betri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, eins og sjá má þegar áætlun fjárlaga 2021 er borin saman við núverandi horfur í meðfylgjandi töflu. Sá afkomubati sem nú er gert ráð fyrir hefur m.a. birst í árshlutauppgjörum ársins og skýrist af því að tekjur aukast meira en útgjöld. Gert er ráð fyrir að afkomuhalli ríkissjóðs verði um 9,1% af VLF á árinu 2021 í stað 10,6% af VLF samkvæmt áætlun fjárlaga. Áætluð afkoma árið 2021 er um 32 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Afkomuhorfur ársins 2021 eru um 6 ma.kr. lakari en gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 2022, sbr. bls. 106 í þingskjali 1 á 152. þingi sem lagt var fram 30. nóvember 2021. Tekjuhorfur eru óbreyttar, en útgjöld eru hærri. Skýrist munurinn af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir um 2 ma.kr. kostnaðarauka hjá Sjúkratryggingum Íslands umfram það sem áður var gert ráð fyrir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir um 4 ma.kr. kostnaðarauka vegna nýrra heimildarákvæða sem aflað er í þessu frumvarpi varðandi kaup á fasteignum, þ.e. Hótel Sögu og jörðinni Mið-Fossum í Borgarbyggð. Samanlagt leiðir þetta til þess að útgjöld eru áætluð um 6 ma.kr. hærri en áður var gert ráð fyrir.

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjárlög 2021	Áætlun 2021 <sup>1</sup>	br.	Fjárlög 2021	Áætlun 2021	br.
Frumtekjur .....	767,4	842,5	75,1	25,0	26,0	1,0
Frumgjöld .....	1.038,8	1.074,8	36,0	33,9	33,2	-0,6
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>-271,4</b>	<b>-232,4</b>	<b>39,1</b>	<b>-8,8</b>	<b>-7,2</b>	<b>1,7</b>
Vaxtatekjur .....	6,4	8,1	1,7	0,2	0,3	0,0
Vaxtagjöld .....	61,1	69,6	8,6	2,0	2,2	0,2
<b>Vaxtajöfnuður .....</b>	<b>-54,7</b>	<b>-61,5</b>	<b>-6,8</b>	<b>-1,8</b>	<b>-1,9</b>	<b>-0,1</b>
Heildartekjur .....	773,8	850,6	76,8	25,2	26,3	1,1
Heildargjöld .....	1.099,9	1.144,5	44,6	35,8	35,4	-0,5
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>-326,1</b>	<b>-293,9</b>	<b>32,2</b>	<b>-10,6</b>	<b>-9,1</b>	<b>1,5</b>

<sup>1</sup> 14,3 ma.kr. hækkun á tekju- og gjaldahlíð leiðir af breyttri framsetningu vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila til samræmis við uppgjör Hagstofu Íslands á rekstraruppgjöri ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Breytingin felur í sér að í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti. Breytingin er hlutlaus gagnvart afkomunni.

### 4.2 Tekjur

Tekjur ársins 2021 eru áætlaðar 851 ma.kr. eða 26,3% af VLF. Það eru 63 ma.kr. hærri tekjur en í samþykktum fjárlögum þegar leiðrétt hefur verið fyrir breyttri framsetningu á endurgreiðslu VSK til opinberra aðila. Þar af hækka skatttekjur og tryggingagjöld um 51 ma.kr. og er það í samræmi við breyttar efnahagsforsendur. Nánari umfjöllun um tekjuáætlun ársins 2021 er að finna í samnefndum kafla í frumvarpi til fjárlaga 2022, sbr. þingskjal 1 á 152. þingi sem lagt var fram 30. nóvember 2021.

### 4.3 Gjöld

Heildarútgjöld ársins 2021 eru áætluð á þjóðhagsgrunni 1.144 ma.kr. eða um 35,4% af VLF sem er um 45 ma.kr. hærra en áætlun fjárlaga. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir breyttri framsetningu á endurgreiðslu VSK til opinberra aðila nemur hækkunin rúmlega 30 ma.kr. Skýrist það m.a. af viðbótarútgjöldum í samræmi við fjórða aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldursins, sem var samþykktur í fjárukalögum á fyrri hluta ársins og fólst í nýjum og framlengdum úrræðum vegna heimsfaraldursins, t.d. ráðningarstyrkum og átakinu *Hefjum störf*. Þá hefur atvinnuleysi reynst umfram forsendur fjárlaga, auk þess sem vaxtagjöld hafa verið hærri, einkum vegna hærri verðbóta. Á gjaldahlið hefur verið tekið tillit til útgjaldamála sem tilgreind eru í þessu fjárukalagafrumvarpi, en á móti vegur til lækkunar að hluta, fyrirbyggjandi heimildir á almennum varasjóði auk annara liða sem gert er ráð fyrir að verði innan heimilda í árslok. Á móti þessum kostnaðarauka vegur jafnframt endurmat á úrræðum vegna faraldursins sem reyndust minna nýtt en upphaflega var gert ráð fyrir auk þess sem útgjöld vegna fjárfestinga eru lægri á þessu ári en áætlað var vegna tafa.

	Útgjöld í ma.kr.
<b>Þjóðhagsgrunnur</b>	
Heildargjöld í fjárlögum 2021 á þjóðhagsgrunni .....	1.099,9
<b>Viðbótarútgjöld</b>	
Fyrri fjárukalög, m.a. Hefjum störf og styrkir til endurráðningar .....	14,9
Veikleikar í áætlun umfram varasjóð, m.a. kostnaður vegna heimsfaraldurs .....	13,1
Aukin vaxtagjöld, einkum vegna hærri verðbóta .....	8,6
Breytt atvinnuleysi frá forsendur fjárlaga .....	5,2
Nýjar heimildir til kaupa á fastafjármunum .....	4,0
Breytt framsetning á endurgreiðslur VSK til opinberra aðila <sup>1</sup> .....	14,3
<b>Endurmat</b>	
Endurmat fjárfestinga, einkum tafir á byggingu nýs Landspítala .....	-6,7
Endurmat mótvægisáðgerða, einkum tekjufalls- og viðspyrnustyrkja .....	-8,8
<b>Áætluð heildargjöld 2021 á þjóðhagsgrunni .....</b>	<b>1.144,5</b>

<sup>1</sup> Breytt framsetningu vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila er til samræmis við uppgjör Hagstofu Íslands á rekstraruppgjöri ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Samsvarandi færsla er færð á tekjuhlið ríkissjóðs og er breytingin því hlutlaus gagnvart afkomunni.

Vakin er athygli á því að við endurmat á útgjaldahorfum ársins er tekið mið af rauntölum samkvæmt bókhaldsstöðu á fyrstu mánuðum ársins, áhættumati vegna framkvæmdar fjárlaga fyrir árið 2021, auk áætlana um þróun útgjalda til áramóta. Leitast er við að hafa matið eins raunhæft og mögulegt er og áætla öll útgjöld sem horfur eru á að falli til á árinu. Hafa þarf þann fyrirvara á að við endurmat útgjalda verður enn óvissa um framvindu ýmissa þátta og endanlegt uppgjör liða í lok árs, en almennt er gert ráð fyrir að ráðuneytin geri viðeigandi ráðstafanir vegna framkvæmdar fjárlaga til að taka á rekstrarhalla innan ársins og bregðast við frávikum innan sinna málefnasviða og málaflokka.

### 4.4 Lánsfjármál

Heildarskuldir ríkissjóðs verða um 1.448 ma.kr. í árslok 2021 gangi endurskoðaðar áætlanir eftir. Skuldahlutfall ríkissjóðs samkvæmt lögum um opinber fjármál verður þá um 33% af

VLF. Í fjárlögum fyrir árið 2021 var gert ráð fyrir meiri hækkun skulda ríkissjóðs og að þær myndu nema um 1.519 ma.kr. í árslok 2021. Þar var gert ráð fyrir lántökum fyrir 427 ma.kr. á árinu, en vegna minni fjárþarfar ríkissjóðs hefur lántaka verið endurmetin í 385 ma.kr. Þar af nemur innlend lántaka 268 ma.kr. og samanstendur af útgáfu ríkisskuldabréfa fyrir um 180 ma.kr. og lánum frá ÍL-sjóði fyrir 88 ma.kr. Ríkissjóður gaf út skuldabréf í janúar 2021 að fjárhæð 750 milljónir evra sem samsvaraði útgáfu um 117 ma.kr. og var til styrkingar gjaldeyrisvaraförða. Skuldabréfið ber 0% fasta vexti og kemur til viðbótar þremur útistandandi skuldabréfaútgáfum ríkissjóðs sem allar nema 500 milljónum evra. Vextir hafa lækkað mikið vegna faraldursins. Af þeim sökum hækka vaxtagjöld ársins af lánum hlutfallslega umtalsvert minna en skuldir. Hins vegar verða verðbætur ársins umtalsvert hærri en á árinu 2020 sem leiðir til þess að vaxtagjöld með verðbótum hækka um 12% á milli ára en skuldir um 16%.



## Greinargerð við einstaka málaflokka.

Í þessum hluta er gerð grein fyrir breytingum á fjárheimildum einstakra málefнасviða og málaflokka í frumvarpinu. Nýju útgjaldatílefnin teljast uppfylla skilyrði 26. gr. laga um opinber fjármál en ekki var mögulegt að bregðast við með því að nýta önnur úrræði, svo sem varasjóði málaflokka eða með breyttri forgangsörðun verkefna.

Hluti breytinganna felst í innbyrðis leiðréttingu á hagrænni skiptingu fjárheimilda málefнасviða og málaflokka en þar er einkum um að ræða breytingar til samræmis við áætlað uppgjör viðkomandi liða í ríkisreikningi. Í meðfylgjandi töflu má sjá tillögur að breytingum á hagrænu skiptingunni en þessar leiðréttingar hafa hvorki áhrif á heildarheimildir málefнасviða og málaflokka né afkomu ríkissjóðs.

Í umfjölluninni um einstaka málaflokka hér á eftir um helstu breytingar frumvarpsins er fyrst og fremst fjallað um breytingar á sértækum útgjaldamálum málefнасviða og málaflokka, og eftir atvikum millifærslu fjárheimilda milli málefнасviða og málaflokka.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfesting- arframlög	Heildar- fjárheimild
<b>02 Dómstólar</b> .....	<b>-6,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>6,5</b>	<b>0,0</b>
02.10 Hæstiréttur .....	-6,5	0,0	0,0	6,5	0,0
<b>06 Hagskýrslugerð og grunnskrár</b> .....	<b>-20,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>20,0</b>	<b>0,0</b>
06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál .....	-20,0	0,0	0,0	20,0	0,0
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b> .....	<b>8,5</b>	<b>-8,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar .....	8,5	-8,5	0,0	0,0	0,0
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b> .....	<b>3,5</b>	<b>-3,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
08.20 Byggðamál .....	3,5	-3,5	0,0	0,0	0,0
<b>09 Almanna- og réttaröryggi</b> .....	<b>82,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-82,8</b>	<b>0,0</b>
09.10 Löggæsla .....	52,8	0,0	0,0	-52,8	0,0
09.20 Landhelgi .....	30,0	0,0	0,0	-30,0	0,0
<b>10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála</b> .....	<b>-10,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>10,3</b>	<b>0,0</b>
10.30 Sýslumenn .....	-3,3	0,0	0,0	3,3	0,0
10.50 Útlendingamál .....	-7,0	0,0	0,0	7,0	0,0
<b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál</b> .....	<b>-110,8</b>	<b>110,8</b>	<b>-294,0</b>	<b>294,0</b>	<b>0,0</b>
11.10 Samgöngur .....	0,0	0,0	-294,0	294,0	0,0
11.20 Fjarskipti .....	-110,8	110,8	0,0	0,0	0,0
<b>12 Landbúnaður</b> .....	<b>-14,4</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>14,4</b>	<b>0,0</b>
12.10 Stjórnun landbúnaðarmála .....	-14,4	0,0	0,0	14,4	0,0
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	-12,0	0,0	0,0	12,0	0,0
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis .....	-12,0	0,0	0,0	12,0	0,0
<b>14 Ferðaþjónusta</b> .....	<b>-13,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>13,0</b>	<b>0,0</b>
14.10 Ferðaþjónusta .....	-13,0	0,0	0,0	13,0	0,0
<b>16 Markaðseftirlit, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála</b> .....	<b>3,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-3,0</b>	<b>0,0</b>
16.10 Markaðseftirlit og neytendamál .....	3,0	0,0	0,0	-3,0	0,0
<b>17 Umhverfismál</b> .....	<b>43,0</b>	<b>-80,0</b>	<b>0,0</b>	<b>37,0</b>	<b>0,0</b>
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla .....	43,0	0,0	0,0	-43,0	0,0
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands .....	20,0	0,0	0,0	-20,0	0,0
17.50 Stjórnarsýsla umhverfismála .....	-20,0	-80,0	0,0	100,0	0,0
<b>18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál</b> .....	<b>-9,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>9,5</b>	<b>0,0</b>
18.10 Safnamál .....	-9,5	0,0	0,0	9,5	0,0
<b>19 Fjölmíðlun</b> .....	<b>-11,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>11,0</b>	<b>0,0</b>
19.10 Fjölmíðlun .....	-11,0	0,0	0,0	11,0	0,0
<b>20 Framhaldsskólastig</b> .....	<b>-155,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>155,5</b>	<b>0,0</b>
20.10 Framhaldsskólar .....	-155,5	0,0	0,0	155,5	0,0
<b>21 Háskólastig</b> .....	<b>-90,0</b>	<b>-100,0</b>	<b>0,0</b>	<b>190,0</b>	<b>0,0</b>
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi .....	-90,0	-100,0	0,0	190,0	0,0
<b>22 Önnur skólas. og stj.s. mennta- og menn.mála</b> .....	<b>-9,4</b>	<b>5,4</b>	<b>0,0</b>	<b>4,0</b>	<b>0,0</b>
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig .....	-5,4	5,4	0,0	0,0	0,0
22.30 Stjórnarsýsla mennta- og menningarmála .....	-4,0	0,0	0,0	4,0	0,0
<b>28 Málefni aldraðra</b> .....	<b>0,5</b>	<b>-0,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta. ....	0,5	-0,5	0,0	0,0	0,0
<b>29 Fjölskyldumál</b> .....	<b>-16,5</b>	<b>16,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn .....	-16,5	16,5	0,0	0,0	0,0
<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi</b> .....	<b>-39,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>39,5</b>	<b>0,0</b>
30.20 Vinnumarkaður .....	-39,5	0,0	0,0	39,5	0,0
<b>32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála</b> .....	<b>-230,6</b>	<b>-12,5</b>	<b>0,0</b>	<b>243,1</b>	<b>0,0</b>
32.40 Stjórnarsýsla félagsmála .....	-230,6	-12,5	0,0	243,1	0,0
<b>Samtals</b> .....	<b>-607,7</b>	<b>-72,3</b>	<b>-294,0</b>	<b>974,0</b>	<b>0,0</b>

## 03 Æðsta stjórnýsla

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 36 m.kr.

### 03.3 Forsætisráðuneyti

Með þingsályktun nr. 30/151, dagsettri þann 12. júní 2021, ályktaði Alþingi að fela forsætisráðherra að skipa þriggja manna nefnd til undirbúnings rannsóknar á aðbúnaði og meðferð fullorðins fatlaðs fólks með þroskahömlun og fullorðinna með geðrænan vanda. Sérstök áhersla verði lögð á aðbúnað og meðferð vistmanna á nýliðnum árum til dagsins í dag. Nefndin framkvæmi úttekt þar sem safnað verði ítarlegum upplýsingum um starfsemi stofnana fyrir fullorðna og greini kosti og galla við tvær rannsóknarleiðir, annars vegar rannsókn stjórnýslunefndar á vegum Stjórnarráðsins og hins vegar rannsókn rannsóknarnefndar í samræmi við lög um rannsóknarnefndir, nr. 68/2011. Lagt er til 36 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum vegna verkefnisins og skýrslugerðarinnar.

## 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 311,6 m.kr.

### 05.2 Eignaumsýsla ríkisins

Gerð er tillaga um 12,9 m.kr. fjárveitingu til að mæta hækkun leigukostnaðar vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum.

### 05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins

Gerð er tillaga um að 12,9 m.kr. flytjist frá málaflokki 16.2 Stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar til Umbru – þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins vegna breytinga í rekstri.

### 05.4 Stjórnýsla ríkisfjármála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 285,8 m.kr.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um hækkun á fjárveitingu um 200 m.kr. vegna virðisaukaskatts ríkisins af tölvuvinnslu. Endurgreiðsla virðisaukaskatts ríkisstofnana vegna tölvuvinnslu byggist á verklagsreglum fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá árinu 2008 og var ætlað að styðja við innleiðingu útivistunarstefnu ríkisins. Um er að ræða endurgreiðslur á tölvuþjónustu ríkisstofnana en ekki til kaupa á tilbúnum hugbúnaði. Mikil aukning hefur verið vegna þessa á undanförunum árum og með tillögunni er fjárveiting viðfangsins hækkuð að raunútgjöldum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 58,5 m.kr. hækkun til að mæta hækkun leigukostnaðar vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum.

Í þriðja lagi er lagt til að 27,3 m.kr. verði millifærðar af málaflokki 06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál vegna rekstrar og þróunar þjónustugáttar Ísland.is. Stafrænt Ísland tók við rekstri og þróun þjónustugáttarinnar sem áður var í höndum Þjóðskrár frá og með miðju ári 2021 og því færist samsvarandi hlutfall af fjárveitingu ársins í þetta verkefni til Stafræns Íslands.

## 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins lækki um 27,3 m.kr.

### 06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Gerð er tillaga um 27,3 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *05.4 Stjórnýsla ríkisfjármála* vegna rekstrar og þróunar þjónustugáttar Ísland.is.

## 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 1.386 m.kr.

### 07.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 1.386 m.kr.

Gerð er tillaga um 1.500 m.kr. hækkun á framlagi til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi vegna aukins umfangs. Í fjárlögum 2021 er gert ráð fyrir 953 m.kr. fjárveitingu en veitt vilyrði ársins nema tæplega 2.500 m.kr.

Gerð er tillaga um 100 m.kr. millifærslu af málaflokknum yfir á málaflokk *32.4 Stjórnýsla félagsmála*. Um er að ræða framlag í samkeppnissjóð um bygginga- og mannvirkjarannsóknir sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun mun halda utan um og atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið fjármagnar með þjónustusamningi, sbr. frumvarp um niðurlagningu Nýsköpunar-miðstöðvar Íslands.

Gerð er tillaga um 25 m.kr. millifærslu af málaflokki *15.1 Stjórnun og þróun orkumála* vegna aukinna tímabundinna verkefna í nýsköpun.

Gerð er tillaga að 35 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *16.2 Stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar* samhliða flutningi starfsfólks Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Loks er gerð tillaga um 4 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *32.4 Stjórnýsla félagsmála* hjá félagsmálaráðuneyti vegna færslu á verkefnum á sviði upplýsingamiðlunar og fræðslumála til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 47,6 m.kr.

### 08.2 Byggðamál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 47,6 m.kr.

Annars vegar er lagt til að fjárheimild verði aukin um 33,3 m.kr. til að fella niður halla hjá flutningsjöfnunarsjóði olúvara vegna mismunar sem hefur myndast á fjárveitingu vegna innheimtu tekna og raunútgjöldum. Með breytingu á lögum um markaða tekjustofna á árinu 2018 var kveðið á um að flutningsjöfnunargjald skyldi renna í ríkissjóð í stað flutningsjöfnunarsjóðs olúvara. Í sömu lögum er ákvæði um að fjárheimild til sjóðsins skuli vera a.m.k. sú sama og innheimtar tekjur sem renna í ríkissjóð. Framkvæmd á innheimtu gjaldsins var hins

vegar ekki breytt sem hefur valdið því að mismunur hefur myndast á fjárveitingu í fjárlögum og raunútgjöldum sjóðsins. Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara var lagður niður með lögum á árinu 2020 og engin fjárheimild er á liðnum árið 2021.

Hins vegar er gerð tillaga um 14,3 m.kr. millifærslu af málaflokki 11.2 Fjarskipti vegna flutnings verkefna um eftirlit með póstmálum frá Fjarskiptastofu til Bygðastofnunar en verkefnið fór til Bygðastofnunar um mitt ár 2021.

## 09 Almanna- og réttaröryggi

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 968,1 m.kr.

### 09.1 Löggæsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 736,8 m.kr.

Gerð er tillaga um 397,5 m.kr. fjárveitingu til að mæta auknum kostnaði ríkislögreglustjóra vegna áhrifa heimsfaraldurs. Útgjöld má rekja til mikils umfangs verkefna hjá smitrakningarteymi, upplýsingamiðstöð almannavarna og varastöð fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Fjölga hefur þurft starfsfólki almannavarnadeildar, auka upplýsingamiðlun til almennings og tryggja órofinn rekstur.

Gerð er tillaga um 271,9 m.kr. fjárveitingu til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Austurlandi og Neyðarlínunnar til að mæta auknum launakostnaði vegna smitvarna og við smitrakningu. Auk þess er gerð tillaga um 7 m.kr. lækkun á rekstrartekjum vegna áhrifa heimsfaraldurs.

Gerð er tillaga um 23,5 m.kr. fjárveitingu til að mæta hækkun lögbundinna trygginga lögreglumanna í samræmi við kjarasamninga.

Loks er gerð tillaga um 43,9 m.kr. fjárveitingu til Neyðarlínunnar til að mæta kostnaði við uppbyggingu innviða fyrir fjarskipti og rafvæðingu vegna eldgossins við Fagradalsfjall.

### 09.2 Landhelgi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 196,6 m.kr.

Gerð er tillaga um 22,8 m.kr. hækkun framlags til að mæta auknum kostnaði við breytta mönnun vakta og til að tryggja óhindraðan rekstur í heimsfaraldri.

Gerð er tillaga um 59,3 m.kr. fjárveitingu vegna bilunar og bráðaviðgerðar á varðskipinu Tý. Varðskipið Þór var gert út í stað Týs meðan á viðgerð stóð. Útgjöld fólust annars vegar í hærri rekstrarkostnaði við Þór en skipið er stærra en Týr og olíueyðsla meiri. Hins vegar fólust útgjöld í viðgerð og slíptöku.

Gerð er tillaga um 114,5 m.kr. fjárveitingu til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna sáttagerðar við uppgjör á varahlutasjóði leigubyrlna. Landhelgisgæslan hefur átt í viðskiptasambandi við norska fyrirtækið Heli-One í mörg ár í tengslum við viðhald þyrlna og varahlutakaup, m.a. með varahlutasamningum. Ágreiningur myndaðist um framkvæmd samningsins sem lauk með sáttauppgjöri í stað þessa að fara með málið fyrir dómstóla sem yrði að öllum líkindum mjög kostnaðarsamt og án vissu um jákvæða niðurstöðu.

### 09.5 Fullnustumál

Gerð er tillaga um 34,7 m.kr. fjárveitingu til Fangelismálastofnunar vegna breyttrar mönnunar vakta til að tryggja óhindraðan rekstur komi til sýkinga auk annars kostnaðar vegna áhrifa heimsfaraldursins.

## 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 98,9 m.kr.

### 10.4 Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 62 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 22 m.kr. fjárveitingu til að mæta hækkun leigukostnaðar vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum. Hins vegar er gerð tillaga um 40 m.kr. styrkveitingu til stjórn málasamtaka vegna útlagðs kostnaðar við kosningabaráttu skv. lögum nr.162/2006, um starfsemi stjórn málasamtaka.

### 10.5 Útlendingamál

Gerð er tillaga um 36,9 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við matarsendingar, viðsnúninga farþega á landamærum, sjúkraflutninga auk annars kostnaðar vegna áhrifa heimsfaraldurs.

## 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 7,7 m.kr.

### 11.2 Fjarskipti

Gerð er tillaga um 14,3 m.kr. millifærslu af málaflokknum yfir á málaflokk *08.2 Byggðamál* vegna flutnings verkefna um eftirlit með póstmálum frá Fjarskiptastofu til Byggðastofnunar en verkefnið var fært til Byggðastofnunar um mitt ár 2021.

### 11.3 Stjórnarsýsla samgöngumála

Gerð er tillaga um 22 m.kr. fjárveitingu til að mæta hækkun leigukostnaðar vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum.

## 12 Landbúnaður

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins hækki um 55,9 m.kr.

### 12.1 Stjórnun landbúnaðarmála

Gerð er tillaga um 30 m.kr. millifærslu af málaflokki *13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi* til að mæta raunkostnaði samnings um bakvaktir dýralækna.

### 12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Gerð er tillaga um 25,9 m.kr. hækkun á framlagi til stofnverndarsjóðs íslenska hestsins vegna áraanna 2019, 2020 og 2021. Í lögum nr. 27/2011, um útflutning hrossa, er kveðið á um innheimtu sérstaks gjalds af hverju útfluttu hrossi og skulu tekjurnar renna í stofnverndarsjóð í umsjón Bændasamtakanna. Skatturinn annast innheimtu gjaldsins sem nú er innheimt vegna áraanna 2019, 2020 og 2021 og nemur 25,9 m.kr.

## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins lækki um 30 m.kr.

### 13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Gerð er tillaga um 30 m.kr. millifærslu af málaflokksnum yfir á málaflokk *12.1 Stjórnun landbúnaðarmála* vegna kostnaðar við bakvaktir dýralækna.

## 15 Orkumál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins lækki um 25 m.kr.

### 15.1 Stjórnun og þróun orkumála

Gerð er tillaga um 25 m.kr. millifærslu af málaflokksnum á málaflokk *07.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar* til að mæta auknum tímabundnum kostnaði vegna aukinna verkefna í nýsköpun.

## 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins lækki um 10,4 m.kr.

### 16.1 Markaðseftirlit og neytendamál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 32,5 m.kr. vegna flutnings verkefna frá Neytendastofu yfir til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, þ.e. verkefna á sviði vöruöryggis, markaðseftirlits og mælifræði, sbr. lög nr. 18/2021. Fjárheimild verður flutt á málaflokk *32.4 Stjórnsýsla félagsmála* hjá félagsmálaráðuneyti.

### 16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 22,1 m.kr.

Gerð er tillaga um að 35 m.kr. framlag flytjist af málaflokki *07.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar* samhliða flutningi starfsfólks Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til atvinnu-vega- og nýsköpunarráðuneytis.

Þá er gerð tillaga um að flytja 12,9 m.kr. yfir á málaflokk *05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins* vegna breytinga á rekstri.

## 17 Umhverfismál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 25 m.kr.

### 17.5 Stjórnsýsla umhverfismála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 25 m.kr. til að mæta hækkun leigukostnaðar vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum.

## 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði óbreytt en greiðsluheimild verði aukin um 100 m.kr.

### 18.2 Menningarstofnanir

Lagt er til að greiðsluheimild málaflokksins hækki um 100 m.kr. til að mæta lægri rekstrartekjum Þjóðleikhússins vegna heimsfaraldurs COVID-19 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Faraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á tekjuöflun og valdið auknum útgjöldum. Áframhaldandi takmarkanir í lok ársins ollu því að tekjur leikhússins urðu lægri en vonir stóðu til.

Þá er lagt til að flytja 55 m.kr. frá Kvikmyndamiðstöð Íslands á Kvikmyndasjóð á málaflokki *18.3 Menningarsjóðir* vegna breytinga á framkvæmd kvikmyndastefnu, sjá umfjöllun um málaflokk *18.3*.

### 18.3 Menningarsjóðir

Lagt er til að flytja 55 m.kr. á Kvikmyndasjóð frá Kvikmyndamiðstöð á málaflokki *18.2 Menningarstofnanir*. Það er gert vegna þess að í fjárlögum 2021 fékk Kvikmyndamiðstöð Íslands 98 m.kr. tímabundna fjárheimild vegna nýrrar kvikmyndastefnu og nú er lagt til að 55 m.kr. af fyrri fjárheimild verði veittar sem beinir styrkir frá Kvikmyndasjóði.

## 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 34,5 m.kr.

### 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 34,5 m.kr. til að mæta hækkun leigukostnaðar vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Ríkiseignum.



## 23 Sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 7.932 m.kr.

### 23.1 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Lögð er til samtals 6.818,3 m.kr. viðbótarfjárveiting til málaflokksins sem er af tvennum toga. Í fyrsta lagi er lögð til 6.615,3 m.kr. heimild til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna heimsfaraldurs COVID-19. Frá því að faraldurinn skall á hafa heilbrigðisstofnanir þurft að mæta auknum verkefnum með því að stofna til viðbótarútgjalda. Launakostnaður hefur hækkað í faraldrinum vegna aukins álags, m.a. hafa bakvarðasveitir verið kallaðar til starfa. Stofnanirnar hafa þurft að kaupa nauðsynlegan búnað, svo sem hlífðarbúnað og áhöld til skimunar. Þá er verið að auka heimildir vegna verkefna sem miða að því að styrkja heilbrigðiskerfið til að vera betur búið til að takast á við heimsfaraldurinn og aðrar farsóttir sem kunna að koma í framtíðinni. Hér er um að ræða opnun hágæslurýma við Hringbraut og í Fossvogi og opnun endurhæfingarrýma á Landakoti. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir rekstrarheimildum fyrir bæði þessi verkefni. Einnig er óskað eftir fjárheimildum til að efla almennan tækjakost beggja sjúkrahúsanna vegna COVID-19. Hluti af breytingunni er vegna millifærslna af málaflokkum *24.1 Heilsugæsla* og *24.2 Sérfræðiþjónusta* og hjúkrun vegna geðheilbrigðismála, samtals 113 m.kr.

Í öðru lagi hækkar fjárheimild um 203 m.kr. vegna verkefnaflutninga vegna lyfjamála. Heimildirnar flytjast af málaflokkum *23.2 Almenn sjúkrahúspjónusta* og *26.1 Lyf*. Millifærslan tengist breytingum á flokkun lyfja en lyf sem áður tilheyrðu lyfjum með S-merkingu flokkast mörg hver sem almenn lyf eftir þær breytingar.

### 23.2 Almenn sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 503,7 m.kr. og eru tilefni af þrennum toga. Í fyrsta lagið er lagt til að hækka fjárheimildina um 705,3 m.kr. vegna ófyrirséðs kostnaðar tengdum heimsfaraldrinum. Frá því að faraldurinn skall á hafa heilbrigðisstofnanir þurft að mæta auknu álagi með því að stofna til viðbótar útgjalda. Launakostnaður hefur hækkað í faraldrinum vegna aukins álags, m.a. hefur bakvarðasveit verið kölluð til starfa. Stofnanirnar hafa þurft að kaupa nauðsynlegan búnað, svo sem hlífðarbúnað og aðrar einnota vörur og áhöld til skimunar. Þá hefur ræsting og kaup á hreinlætisvörum aukist í faraldrinum.

Í öðru lagi lækkar fjárheimildin nettó um 185 m.kr. vegna millifærslna á og af málaflokkum *24.1 Heilsugæsla* og *25.1 Hjúkrunar- og dvalarrými*. Um er að ræða millifærslur til að leiðrétta stöðu á milli einstakra málaflokka hjá heilbrigðisstofnunum sem eru með starfsemi í fleiri en einum málaflokki. Í þriðja og síðasta lagi eru fluttar nettó 16 m.kr. af málaflokknum. Millifærslurnar eru vegna breytinga á flokkun lyfja, sbr. umfjöllun í málaflokki *23.1 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*.

### 23.3 Erlend sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 610 m.kr. til samræmis við endurmat á útgaldahorfum ársins.

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 6.633,5 m.kr.

### 24.1 Heilsugæsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 790,5 m.kr. sem skýrist í grunninn af fjórum tilefnum.

Í fyrsta lagi hækkar fjárheimild málaflokksins samtals um 2.787,6 m.kr vegna heimsfaraldursins. Þar af eru 2.100 m.kr. vegna bólusetninga og skimana á landamærum og 687,6 m.kr. til heilbrigðisstofnana og Læknavaktarinnar vegna aukins rekstrarkostnaðar þeirra, sbr. umfjöllun þess efnis í málaflokki *23.1 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*.

Í öðru lagi eru millifærðar af málafloknum 2.209,8 m.kr. til að leiðrétta stöðu á milli einstakra málaflokka hjá heilbrigðisstofnunum sem eru með starfsemi í fleiri en einum málaflokki en fjárheimildirnar fara til málaflokka *25.1 Hjúkrunar- og dvalarrými* og *23.2 Almenn sjúkrahúspjónusta*.

Í þriðja lagi hækkar fjárheimild málaflokksins um samtals 773,4 m.kr. vegna millifærslna á og af honum vegna áherslubreytinga í verkefnum. Þannig flytjast samtals 123,6 m.kr. af málafloknum vegna nýrra verkefna eða verkefnaflutnings í geðheilbrigðismálum og heilbrigðisþjónustu í fangelsum. Þá hækkar heimild um 930 m.kr. vegna nýrra áherslna í að nýta velferðartækni í auknum mæli í þjónustu við aldraða. Auk þess eru millifærðar 33 m.kr. á málaflokk *24.3 Sjúkrabjálfun, iðjubjálfun og talbjálfun* vegna breytinga í tekjuöflun Heyrnar- og talmeinstöðvar.

Í fjórða lagi eru millifærðar 560,7 m.kr. á málaflokka *24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun*, *26.1 Lyf* og *26.3 Hjálpartæki* vegna lækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra. En fjárheimildin var upphaflega sett á þennan málaflokk sem útgjaldasvigrúm sem nýta ætti með þessu móti innan allrar heilbrigðisþjónustunnar.

### 24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 4.824 m.kr. og eru tilefnin af fernum toga. Í fyrsta lagi er lögð til 3.123,4 m.kr. viðbótarfjárveiting til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna heimsfaraldursins en þar vegur þyngst kostnaður við rekstur sóttvarnahótelu sem nemur um 2,9 ma.kr.

Í öðru lagi hækkar fjárheimild málaflokksins um 1.300 m.kr. vegna endurmats á útgjöldum ársins á sjúkratryggingaliðum málaflokksins. Annars vegar er það kostnaður vegna sérfræðilækna upp á 490 m.kr. og hins vegar tannlæknakostnaður upp á 810 m.kr.

Í þriðja lagi hækkar heimildin um 390 m.kr. vegna millifærslna af málaflokki *24.1 Heilsugæsla* vegna lækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra. Og í fjórða og síðasta lagi hækkar heimild málaflokksins um 10,6 m.kr. vegna veitingar heilbrigðisþjónustu í fangelsum.

### 24.3 Sjúkrabjálfun, iðjubjálfun og talbjálfun

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 913 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til viðbótarfjárveiting vegna endurmats á útgjöldum ársins, en að óbreyttu gera áætlanir nú ráð fyrir að halli stefni í 800 m.kr. Í öðru lagi eru lagðar til tvær millifærslur, annars vegar á málaflokk *24.1 Heilsugæsla* til Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands, þ.e. 33 m.kr. til að mæta skerðingu í lækkun rekstrartekna eftir gildistöku almenna greiðsluþátttökukerfisins frá 2017, og hins vegar 80 m.kr. frá málaflokki *32.3 Stjórnsýsla heilbrigðismála* til að koma til móts við rekstrarvanda stofnunarinnar.

## 24.4 Sjúkraflutningar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 106 m.kr. vegna tillögu um viðbótarfjárveitingu til að mæta ófyrirséðum kostnaði við COVID-sjúkraflutninga.

## 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 2.059,4 m.kr.

### 25.1 Hjúkrunar- og dvalarrými

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 2.059,4 m.kr. Í fyrsta lagi er um að ræða samtals 2.395,4 m.kr. millifærslu til málaflokksins til að leiðrétta stöðu á milli einstakra málaflokka hjá heilbrigðisstofnunum sem eru með starfsemi í fleiri en einum málaflokki en fjárheimildirnar koma af málaflokkum *24.1 Heilsugæsla* og *23.2 Almenn sjúkrahúspjónusta*. Tillagan er gerð að teknu tilliti til árslokastöðu 2020 og flutnings fjárheimilda frá fyrra ári. Í öðru lagi er gerð tillaga um 500 m.kr. framlag til hjúkrunarheimila vegna álagsgreiðslna sem tilkomnar eru vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Í þriðja lagi er lagt til að hækka fjárheimild málaflokksins um 58,7 m.kr. vegna kostnaðar heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Frá því að faraldurinn skall á hafa heilbrigðisstofnanir þurft að mæta auknum verkefnum með því að stofna til viðbótarútgjalda. Launakostnaður hefur hækkað í faraldrinum vegna aukins álags, m.a. vegna bakvarðasveita sem kallaðar hafa verið til starfa. Þá hafa stofnanirnar þurft að kaupa nauðsynlegan búnað, svo sem hlífðarbúnað og aðrar einnota vörur og áhöld til skimana og ræstinga, og svo hreinlætisvörur. Í fjórða lagi er um að ræða 35,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að standsetja og reka deild fyrir aldraða einstaklinga sem smitaðir eru af kórónuveirunni. Þjónustan er háð því að einstaklingur sé með staðfesta sýkingu og geti ekki verið heima hjá sér í einangrun en þarfnist ekki sjúkrahúsinnlagnar.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna 930 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *24.1 Heilsugæsla* en heilbrigðisstofnanir hafa í auknum mæli hug á að tileinka sér velferðartæknilausnir í heilbrigðisþjónustu í heimahúsi til að veita betri og aukna þjónustu heim og þar með að auka öryggi fólks og lífsgæði. Tæknin getur bæði stuðlað að betri nýtingu mönnunar og dregið úr innlögnum á sjúkrahús. Fjármagnið átti upphaflega að nota í rekstur nýrra hjúkrunarrýma. Þar sem ekki fannst hentugt húsnæði var ákveðið að nýta hluta fjármagnsins í önnur verkefni sem nýtast öldruðum með það að markmiði að gera fólki kleift að búa lengur heima við góð lífsgæði.

## 26 Lyf og lækningavörur

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 2.891,7 m.kr.

### 26.1 Lyf

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins verði aukin um 2.548,7 m.kr. Gerð er tillaga um viðbótarfjárveitingu vegna endurmats á útgjöldum ársins. Áætlanir gera nú ráð fyrir að hallinn stefni í 2.640 m.kr. Hallinn er til kominn vegna aukins kostnaðar í ákveðnum lyfjaflokkum;

sykursýkislyfjum, örvandi lyfjum, segavarnarlyfjum og þunglyndislyfjum. Að auki er gerð tillaga um 68 m.kr. viðbótarfjárveitingu á leyfisskyld lyf. Um er að ræða veirulyf sem notað er til að meðhöndla COVID-19.

Þá eru lagðar til þrjár millifærslur. Í fyrsta lagi er tillaga um 27,7 m.kr. af málaflokki 24.1 *Heilsugæsla* vegna lækkunar á greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í lyfjum. Í öðru lagi eru tvær millifærslur af málaflokksnum: 175 m.kr. á málaflokkinn 23.1 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta* og 12 m.kr. á málaflokkinn 23.2 *Almenn sjúkrahúspjónusta*, báðar vegna kostnaðarhækkana sem breytingar á flokkun lyfja sem áður tilheyrðu lyfjum með S-merkingu yfir á almenn lyf hafa í för með sér.

### 26.3 Hjálpartæki

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 343 m.kr. Lögð er til viðbótarfjárheimild vegna endurmats á útgjöldum ársins. Áætlanir gera nú ráð fyrir að halli stefni í 100 m.kr. að frátöldum gengisáhrifum. Þá er gerð tillaga um 243 m.kr. millifærslu fjárheimildar af málaflokki 24.1 *Heilsugæsla* vegna lækkunar greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu. Um er að ræða aukna greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í hjálpartækjum.

## 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði óbreytt.

### 27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 1.600 m.kr. Gerð er tillaga um millifærslu 1.600 m.kr. af málaflokksnum yfir á málaflokk 27.2 *Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka* vegna framkvæmdar laga nr. 127/2020 sem samþykkt voru í desember 2020 og lúta að breytingum á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

### 27.2 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins aukist um 1.600 m.kr. Gerð er tillaga um 1.600 m.kr. millifærslu af málaflokki 27.1 *Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir* vegna framkvæmdar laga nr. 127/2020 sem samþykkt voru í desember 2020 og lúta að breytingum á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

## 29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði hækkuð um 940 m.kr.

### 29.2 Fæðingarorlof

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 940 m.kr. Gerð er tillaga um 940 m.kr. viðbótarframlag til Fæðingarorlofssjóðs. Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði munu fara talsvert fram úr fjárheimild ársins og eru ástæður þess þríþættar. Í fyrsta lagi eru útgjöld vegna fæðingarárs 2019 meiri en gert var ráð fyrir sem stafar af því að hærra hlutfall feðra tekur orlof á síðari hluta orlofstímabilsins en raunin hefur verið fæðingarárin á undan. Í öðru lagi taka

feður fleiri orlofsdaga á fyrstu þremur til sex mánuðum vegna barna sem fædd eru 2020 og 2021, en orlofið var lengt um einn mánuð árið 2020 og tvo mánuði 2021. Í þriðja lagi stefnir í að fæðingarárið 2021 verði hið stærsta síðan 2010 hvað varðar fjölda fæðinga skv. upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði.

## 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 7.797,6 m.kr.

### 30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

